

# Skólaráð

---

Skólaráð 27.4..2012 kl. 8:10

23. fundur

**Mættir:** María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra, Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags og Selma Jónasdóttir, fulltrúi kennara, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Kristófer Óttar Úlfarssons, fulltrúi nemenda og Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda.

## **Foreldrakönnun hjá 4.7. og 9. bekk:**

- María skólastjóri sagði frá niðurstöðum könnunarinnar, þar kom meðal annars fram að foreldrar treysta kennurum skólans mjög vel og skólanum fyrir námi og velferð barna þeirra. Könnunin kom almennt mjög vel út en þó kom fram að gæsla á skólalóð mætti vera betri til að koma í veg fyrir einelti og fleira.

## **Valgreinar í unglingsdeild skólaárið 2012-2013:**

- Hrönn aðstoðarskólastjóri kynnti fyrirkomulag valgreina í unglingsdeild næsta skólaár. Ákveðið hefur verið að ganga lengra í samstarfi við Lækjarskóla og bjóða sameiginlega upp á val í 9. og 10. bekkjum. Ávinningurinn af því er að hægt er að halda úti fjölbreyttari valhópum. Ekki var orðið ljóst hvernig val kæmi út á þessum fundi en verður það rætt á þeim næsta.

## **Skipulag næsta skólaárs:**

- Rætt var um skipulag næsta skólaárs og farið yfir úthlutun kennslustundafjölda en hann fækkar um 19 kst. frá fyrra skólaári. Einnig var rætt um mögulega leikskóladeild fyrir 5 ára börn við skólann. Ekki er endanlega búið að taka ákvörðun um hana.
- Rætt var um skólahúsnæðið og skólalóðina og viðhald á henni.

## **Önnur mál:**

- Spurt var hver greiddi fyrir hreinsun á skólalóð þar sem lóð skólans hefur lítið verið við haldið.
- Spurt var út í vordagana og kom fram að unnið væri að skipulagi þeirra.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið kl. 9:15.

Hrönn Bergþórsdóttir ritaði fundargerð.